

Eru stjórnvöld illgjörn? Áróður, dulsmál og dauðans þögn

Alþjóðlegar stofnanir, ríkisstjórnir og lyfjafyrirtæki sameinuðust um framleiðslu, kaup og dreifingu bóluefna við covid-19, bráðsmitandi veiru, sem búin var til í samvinnu Bandaríkjamanna og Kínverja (public-private partnership).

Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (World Health Organization – WHO), sem að verulegu leyti er fjármögnuð af auðjöfrinum, Bill Gates, eru gefin ógnarleg völd, t.d. til að lýsa yfir alþjóðlegu neyðarástandi í heilbrigðismálum. Það gerði hún nú, án þess að gild ástæða væri til. Í kjölfarið fylgdu samhæfð viðbrögð, sem valdið hafa margvíslegum skaða. Í því efni skorti einnig skynsamlegar ástæður og vísindalegar athuganir.

Okkur er tamt að lúta höfði í lotningu, þegar Alþjóðaheilbrigðisstofnunina og aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna, ber á góma. Boðskapurinn þaðan er guðspjalli líkastur. Meira að segja frá kvenfrelsunaráróðursstofnun þeirra, UN Women. En það er maðurur í mysunni eins og almenningur hefur eftirminnilega reynt í covid-19 veirufárinu.

Áróður er ómissandi stjórnæki alþjóðastofnanna og ríkisstjórna. Ríkisstjórnir víðs vegar í hinum vestræna heimi beita nú áróðri jafn markvisst gegn eigin þegnum og óvinum. Fjölmiðlar ganga erinda ríkisvaldsins og stunda beinharda ritskoðun. Það á einnig við um útgáfufyrirtæki og fjármálafyrirtæki eins og PayPal, sem reisa málfrelsi viðskiptamanna sinna skorður og leyfa sér hreinan stuld þeirra fjármuna, sem þeim er treyst fyrir, sbr. baráttu vöruflutningabílstjóra gegn kanadísku ríkisstjórninni.

Áróðurinn er gulltryggður með stofnun svokallaðra staðreyndafyrirtækja (fact checkers), sem sprottið hafa upp eins og gorkúlur, stofnuð af hagsmunaaðiljum, sem ekki þola dagsins ljós. Sjóður hjónakornanna, Hillary og Bill Clinton, rekur t.d. eigið fyrirtæki af þessu tagi. Uppljóstrarar um dáðir stjórnvalda eru ofsóttir og fangelsaðir, sbr. mál Julian Assange. Sumir þeirra farast af slysförum, skjóta sig í hnakkann eða hengja sig á snerlum. Uppivöðslusamir leiðtogar, sem bjóða alþjóðafyrirtækjum og -stofnunum birginn, verða skyndilega veikir og deyja, sbr. forseta Burundí og Tansaníu.

Hræðsluáróður og lygar nefndra alþjóðastofnanna, fyrirtækja og stjórnvalda, taka út yfir allan þjófabálk. Á grundvelli þeirra sömdu stjórnvöld enn eina rétttrúnaðarþuluna um farsótt. Fjölmiðlar tóku undir, enda á mála hjá sömu hagsmunaaðiljum. Viðbrögð við fólki, sem dirfðist að spyrja spurninga, voru skýr; ákúrir um samsæriskenningar og afneitun vísinda, háð, þöggun, ofsóknir, útskúfun, brottrekstur, svipting atvinnuleyfa og mannréttinda - og jafnvel eignamissir.

Eftirlit hefur náð nýjum hæðum með lögregluaðgerðum og kærur. Þjóðþingin setja nýja, gerræðislega löggjöf og Alþjóðaheilbrigðisstofnunin plægir jarðveginn fyrir alheimsalræði sitt á ákveðnum sviðum heilbrigðismála.

Það hlýtur einnig að valda lýðræðissinum og frelsisunnendum áhyggjum, að ýmis fagfélög eða fagfjölmiðlar hafa hlaupið til og sett félögum sínum skorður um, hvað þeim sé leyfilegt að tjá sig til að komast hjá ásökunum um rangfærslur og falsfréttir. Reglurnar taka mið af boðskapi yfirvalda hverju sinni, rétt eins og fjölmiðlar hafa tamið sér.

Bóluefnin fengu markaðsleyfi á grundvelli rannsókna framleiðenda sjálfra. Það var ljóst, þegar í upphafi, að slíkar rannsóknir væru í skötulíki. En það mátti einu gilda, svo öflugur var boðskapurinn um hættuna, sem stafaði af hinni tilbúnu veiru yfirvalda. Almennigur var gripinn sefasýki. Orðspor lyfjarisanna virtist gleymt, en þeir skilja eftir sig slóð siðleysis, glæpa, sjúkdóma, eymdar og volæðis.

Síðustu áratugina hafa fátækar þjóðir sérstaklega orðið fyrir barðinu á lyfjarisunum. Læt duga að minna á lyfið, Gardasil, og nýju lómunarveikibóluefni mannvinarins og velgjörðamannsins, Bill Gates, sem víða kemur við í veirufárinu – og græðir vel. Bill, þý hans og fylginautar, boða fleiri faraldra.

Velgjörðaaudhyggjan (philanthro-capitalism) er áratugagamalt „viðskiptamódeli“, sem Sameinuðu þjóðirnar hvöttu til á sínum tíma. Velgjörðaaudmenn og -sjóðir eru skattfrjálsir. Þeir lúta ekki einstöku ríkisvaldi og skálkaskjólíð er hjá Sameinuðu þjóðunum.

Nýjar og óháðar rannsóknir hafa verið unnar, síðan veiruósköpin dundu yfir. Samtímis hafa dómstólar dæmt lyfjafyrirtækin og lyfjaeftirlitsstofnanir, sem veittu þeim brautargengi, til að opinbera frumgögn rannsókna. Það skýrist stöðugt betur, að fyrir lágu upplýsingar um margvíslegar, alvarlegar aukaverkanir, sem sveipaðar voru hulu, þegar bólusetningar hófust.

Sömuleiðis hefur verið flett ofan af beinum rannsóknafölsunum yfirvalda og fyrirtækja til að fela slóð sína og hagræða sannleikanum. Yfirvöld staðhæfa samt keik – eins og Jacinda Ardern, forsætisráðherra Nýja Sjálands – að boðskapur ríkisvaldsins sé sannleikurinn sjálfur. Það minnir á ummæli Melissa Fleming, að „Sameinuðu þjóðirnar ættu vísindin um loftlagsbreytingar.“

Ofangreindar rannsóknir hafa leitt í ljós með næsta óyggjandi hætti, að bóluefnin geta verið stórhættuleg heilsu manna og kynnu að veikja ónæmiskerfið.

Aðgerðir stjórnvalda skapa ugg. Hvert stefna vestræna lýðræðissamfélög? Óttinn er stjórnþæki yfirvalda. Það sama á við um hálsannleik, þöggun og lygar.

Alheimsstjórnarsinninn, Klaus Schwab, forseti Alþjóðæfnaðagsráðsins (World Economic Forum), bendir á leiðina fram eftir veg:

„Faraldurinn (pandemic) gefur tímabundið tækifæri til að íhuga, gera sér í hugarlund og endurræsa nýja veröld okkar.“ Alþjóðæfnaðagsráðið á einmitt fulltrúa í ríkisstjórnnum margra ríkja. (Katrín Jakobsdóttir er t.d. lærlingur þaðan.)

Heimsvaldasinninn, forseti Bandaríkjanna, Joseph Biden, segir: „Við erum á tímamótum breytinga. Hin Nýja heimsskipan er í deiglunni. Við verðum að skipa leiðtogasætið [og] fylkja öðrum í hinum frjálsa heimi að baki oss.“

Í nálægri framtíð – gripi fólk ekki í taumanna – gæti samfélagið litið svona út: Einstaklingsfrelsi er stórskert. Sama á við um málfrelsi. Þegar er kominn vísir að kínversku kerfi hlýðnistiganna (social credit system), þ.e. réttindi fólks eru skilyrt hlýðni við valdboð stjórnvalda eins og t.d. valdboði um bólusetningar.

Það má geta þess, að Kínverjar þáðu styrk frá Sameinuðu þjóðunum til að skapa og efla slíkt eftirlitskerfi. Snjallsímarnir og eftirlitsmyndavélar leika þar lykilhlutverk. Öflug samtök á alþjóðavettvangi eins og Alþjóðæfnaðagsráðið dreymir um tölvubætt, sljótt og kynbrennlað mannkyn, sem ekkert á í eigu sinni og alist hefur upp á stofnunum.

Sitji fólk ekki fjarstýrt í einsemdinni heima við tölvuskjá og nasli skordýr, ekur það um í rafbílum, fengnum að láni hjá ríkisstjórninni, að því tilskildu, að innistæða sé í hlýðnibankanum og snjalleyrir (smart money, digital money) sé nógur. Það ku vera tæknilega auðvelt að lama og stjórna rafbílaumferð. Refsivöndurinn er einkum óttinn við ragnarök af völdum sjúkdóma, loftslags eða stríða – og ríkisofbeldi.

Í þessu sambandi er hollt að minnast orða þýska heimspekingsins, Hannah Arendt (1906-1975), um alræðið. Hún segir í „Uppruna alræðisins“ (The Origins of Totalitarianism):

„Kjörviðfang alræðisins er hvorki sannfærður nasisti né sannfærður kommúnisti, heldur fólk, sem misst hefur skynbragð á aðgreiningu staðreyndanna og ímyndunarinnar (þ.e. reynslunnar af raunveruleikanum) og aðgreiningu sannleikans og ósannindanna (þ.e. viðurkenndrar hugsunar).“

Breski læknirinn, Aseem Malhotra, er einn þeirra lækna, sem Hannah virðist hafa talað til. Honum snerist nýlega hugur eða lét af ásetningblindu (willful blindness) sinni og boðar nú bann við covid-19 bólusetningum.

Hollenski örveirfræðingurinn, Geert Vanden Bossche, hefur hins vegar gefið yfirlit um skýrar viðvaranir um hættuna af bólusetningum. Hann sagði nýlega:

„Mér er það ofraun að sjá, hvernig stjórnvöld, sérfræðingar og yfirlit heilbrigðismála, rembast eins og rjúpur við staur við þá iðju að telja fólki trú um, að bóluefnin við covid-19 séu örugg og að stjórnvöld séu í stakk búin til að ná stjórn á faraldrinum.“

Ný-sjálenski heilbrigðisfræðingurinn, Guy Hatchard, segir: „Sú hugun gerist nærgöngul, að sálin hafi skaddast í faraldrinum, [þ.e.] greindarfarsleg skerðing í þá veru að vísa á bug innantómum getgátum og vangeta til að berja í brestina. ... Gæti svo verið, að bólusetning með mRNA [erfðabreytingabóluefninu] breyti samverkun ónæmiskerfisins og DNA [erfðalykilsins] og trufla þannig hina heildstæðu lífeðlislegu starfsemi [líkamans], svo einnig gæti áhrifa á sálina. Svo gæti verið.“

Bandaríski hagfræðingurinn, Jeffrey Sachs, segir: Heilbrigðisyfirlit „tóku ákvörðun um að skapa frásögn. Þannig starfa stjórnvöld. Þau leita ekki sannleikans, stefna ekki í átt til sannleikans [heldur] láta hann í þagnargildi. Þau segja sögur.“

Þýsk-bandaríski stjórnmálafræðingurinn, Henry Kissinger, tekur í sama streng: „Sannleikurinn skiptir ekki máli, heldur það, sem fólk trúir að sé satt.“ (HK er einn höfuðsmiða utanríkisstefnu Bandaríkjanna og Nató.)

Austurrísk-breski hagfræðingurinn, Friedrich August von Hayek (1899-1992), sagði: Öllum kerfum til miðlunar þekkingar, í skólum og fjölmiðlum, á ljósvakamiðlum og í kvikmyndum, mun eingöngu verða beitt til að hampa viðhorfum, sem þóknarleg eru stjórnvöldum, hvort sem í þeim felst sannleikur eða lygi, og auka tiltrú á gildi stjórnvaldsáskvarðanna; upplýsingum, sem kynnu að skapa efasemdir eða fá fólk til að staldra við, mun stungið undir stól.

<https://hatchardreport.com/pc-pandemic-consciousness/>

<http://www.informationclearinghouse.info/57248.htm>

<https://iaindavis.com/towards-freedom/>

<https://www.aier.org/article/cost-of-us-lockdowns-a-preliminary-report/>

<https://off-guardian.org/2022/09/23/deafening-silences-propaganda-through-censorship-smearing-and-coercion/>

[https://web.archive.org/web/20211005185657/https://chicagounbound.uchicago.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=1118&context=law and economics](https://web.archive.org/web/20211005185657/https://chicagounbound.uchicago.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=1118&context=law_and_economics)

https://childrenshealthdefense.org/defender/kaiser-risk-covid-vaccine/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=87821b4d-07a2-4ce0-9cfb-b41f55884b9a

<https://www.bitchute.com/video/KrTrvrrgPljG/>

<https://www.facebook.com/tor.leif.56/posts/pfbid02pGkNywESPNk1kUS5YBedJ9xVAiNjNtwK56phmTQ3DsXy57mScJuR2v8J8SWt5BFzI>

<https://www.thenation.com/article/economy/bill-gates-investments-covid/>

<https://finance.yahoo.com/news/us-billionaires-got-434-billion-133934181.html>

<https://www.bitchute.com/video/5x5sX4IGQEFa/>

https://www.biorxiv.org/content/10.1101/2022.09.27.509633v1?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.ukcolumn.org/article/covid-coercion-boris-johnsons-psychological-attack-uk-public>

<http://www.newsmediauk.org/Latest/government-partners-with-newspaper-industry-on-covid-19-ad-campaign>

<https://web.archive.org/web/20200507060317/https://www.bbc.com/news/world-52525463>

<https://digiday.com/media/the-government-is-becoming-u-k-news-publishers-most-important-client/>

https://steigan.no/2022/10/hvorfor-havnet-sigmund-i-hoyrisikofengsel/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://iaindavis.com/what-is-the-global-public-private-partnership/>

<https://www.voltairenet.org/article216293.html>

<https://www.newagebd.net/article/117757/gates-foundation-vaccine-spreads-polio-across-africa>

<https://www.bitchute.com/video/oS9FBzThQfJP/>

<https://citizens.news/662515.html>

<https://chrishedges.substack.com/p/the-puppets-and-the-puppet-masters>

<https://www.youtube.com/watch?v=morj-3rdWwM>

https://www.bitchute.com/video/ZFZz5vX4iP8b/?fbclid=IwAR0DCQ-Rx462WLE7TjzfpSNG5dBBhqCL3M_Xbd8CwflromoDZKs0dCM6pSo

<https://www.bitchute.com/video/ify4TyOPg12z/>

<https://syriapropagandamedia.org/working-papers-2/democracies-and-war-propaganda-in-the-21st-century>

<https://propagandainfocus.com/democracy-lost-propaganda-character-assassination-and-the-campaign-against-professor-david-miller/>

https://davidthunder.substack.com/p/linkedins-community-policies-are?r=wlowt&s=w&utm_campaign=post&utm_medium=web&utm_source=direct

<https://www.linkedin.com/legal/professional-community-policies>

<https://www.whitehouse.gov/briefing-room/speeches-remarks/2022/03/21/remarks-by-president-biden-before-business-roundtables-ceo-quarterly-meeting/>

https://steigan.no/2022/10/oredovende-stillhet-propaganda-gjennom-sensur-sverting-og-tvang/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://markcrispinmiller.substack.com/p/theyre-in-the-grip-of-criminal-insanityand?utm_source=post-email-title&publication_id=383085&post_id=77223859&isFreemail=true&utm_medium=email

https://www.theepochtimes.com/the-paypal-fiasco-was-no-accident_4786458.html?utm_source=ai&utm_medium=search

<https://www.authorea.com/users/455597/articles/552937-innate-immune-suppression-by-sars-cov-2-mrna-vaccinations-the-role-of-g-quadruplexes-exosomes-and-micrnas?commit=d033a57415da0ca976b27f11d81a4cd604f7fdc7>

<https://www.wsj.com/articles/fauci-collins-emails-great-barrington-declaration-covid-pandemic-lockdown-11640129116>

<https://www.politico.com/news/2022/09/14/global-covid-pandemic-response-bill-gates-partners-00053969>

<https://thecountersignal.com/australia-bill-opens-the-door-to-forced-vaccinations/>

<https://covidreason.com/>

https://childrenshealthdefense.org/defender/covid-origins-cover-up-cola/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=d32e72fb-ad2f-4a68-825c-f44b9f7d0111

https://childrenshealthdefense.org/defender/dr-meryl-nass-suspension-maine-medical-board-misinformation/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=d32e72fb-ad2f-4a68-825c-f44b9f7d0111

https://rumble.com/v1lqih-dr.-aseem-malhotra-i-was-willfully-blind-until-i-wasnt.html?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.pandata.org/responsible-inflicting-nudges-on-british/>

<https://www.verdict.co.uk/youtube-coronavirus-ban-who/>

<https://commonground.ca/covid-19-and-the-shadowy-trusted-news-initiative/>

<https://expose-news.com/2022/10/04/there-will-be-more-pandemics-theyre-creating-them/>

<https://takecontrol.substack.com/p/covid-prosecution-strategy>

<https://www.theguardian.com/world/2009/may/31/new-york-billionaire-philanthropists>

<https://www.tagesschau.de/investigativ/bhakdi-antisemitismus-113.html>

<https://www.tagesschau.de/investigativ/bhakdi-antisemitismus-113.html>

<https://www.bitchute.com/video/M4ltPJxsGGNS/>

<https://dailysceptic.org/2022/06/25/martin-kulldorff-i-was-attacked-by-the-most-powerful-scientists-in-the-world-hung-out-to-dry-by-harvard-and-lost-my-job-just-for-challenging-scientific-orthodoxy/>

<https://en.unesco.org/themes/gced/thinkbeforesharing>

<https://www.nytimes.com/2022/08/29/technology/california-doctors-covid-misinformation.html>

<https://www.who.int/campaigns/connecting-the-world-to-combat-coronavirus/how-to-report-misinformation-online>

<https://mercola.fileburst.com/PDF/ExpertInterviewTranscripts/DrMercola-FrancisBoyle-DebunkingTheMonkeypoxScare.pdf>

<https://www.pandata.org/cock-up-or-conspiracy/>

https://takecontrol.substack.com/p/covid-shots-cause-more-harm-than-good?utm_source=post-email-title&publication_id=317627&post_id=75503158&isFreemail=true&utm_medium=email

<https://www.nationalreview.com/corner/from-hero-to-fired-dr-aaron-kheriaty-and-the-university-of-california-irvine/>

https://celiafarber.substack.com/p/even-car-windshield-washers-are-state?utm_source=post-email-title&publication_id=257742&post_id=76637619&isFreemail=true&utm_medium=email

https://childrenshealthdefense.org/defender/school-shutdowns-closures-disastrous-kids-cola/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=345649a5-ea65-4d41-8b61-9dc7b271dd4e

<https://childrenshealthdefense.org/defender/federal-lawsuit-california-punish-physicians-covid->

<https://drkevinstillwagon.substack.com/p/the-silent-killers-99a>

<https://www.nationalreview.com/news/u-n-communications-official-touts-google-search-partnership-we-own-the-science/>

<https://stopworldcontrol.com/who/>

<https://expose-news.com/2022/10/04/there-will-be-more-pandemics-theyre-creating-them/>

https://childrenshealthdefense.org/defender/doctors-investigation-fsmb-attacks-big-pharma/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=44f7bd60-be97-4484-958f-eb5df2a187cd

<https://expose-news.com/2022/10/05/expert-claims-covid-vaccines-will-kill-700-million/>

https://childrenshealthdefense.org/defender/mounting-evidence-covid-vaccines-risk/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=65a56d38-c584-40bc-aca7-c2a9529e79d0

<https://www.globalresearch.ca/responsibility-choice/5787009>

<https://thewhiterose.uk/dr-emanuel-garcia-i-am-gravely-concerned-about-the-roll-out-of-the-pfizer-vaccine/>

https://www.dailymail.co.uk/news/article-11247181/FDA-vaccine-adviser-says-healthy-young-people-SHOULDNT-COVID-booster.html?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.canadiancovidcarealliance.org/media-resources/when-telling-noble-lies-erodes-public-trust/>

<https://naomiwolf.substack.com/p/lipid-nanoparticles-are-they-subtly>

<https://www.globalresearch.ca/pfizer-used-dangerous-assumptions-rather-than-research-guess-outcomes/5788718>

<https://qz.com/2102889/the-who-is-too-dependent-on-gates-foundation-donations/>

<https://www.cdc.gov/vaccines/acip/meetings/downloads/slides-2020-08/COVID-07-Oliver.pdf>.

<https://www.bitchute.com/video/yWNotidgaGfO/>

<https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S2589936821000839>

<https://www.pbs.org/newshour/health/why-would-a-covid-vaccine-cause-rare-blood-clots-researchers-have-found-clues>

<https://www.gatesfoundation.org/Ideas/Media-Center/Press-Releases/2000/10/Margaret-Lui-MD-New-Senior-Advisor>

<https://jamesroguski.substack.com/p/the-evidence-is-overwhelming>

https://steigan.no/2022/10/biden-administrasjonens-propagandaplan-for-a-pusje-covid-vaksiner-er-avslort/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://childrenshealthdefense.salsalabs.org/2m-match-2?wvpld=2632c6be-8647-4bb0-b529-2b0dc034760d>

<https://stopworldcontrol.com/proof/>

<https://scheerpost.com/2022/09/27/opendemocracy-exclusive-weapons-firms-install-50-staff-inside-uk-ministry-of-defense/>

<https://stopworldcontrol.com/downloads/en/vaccines/vaccinereport.pdf>

<https://www.thetimes.co.uk/article/top-liz-truss-aide-mark-fullbrook-paid-through-his-private-company-b90hdkj5z>

<https://www.thetimes.co.uk/article/top-liz-truss-aide-mark-fullbrook-paid-through-his-private-company-b90hdkj5z>

<https://www.youtube.com/watch?v=z5uyYSkPVng>

https://www.theepochtimes.com/top-pro-vaccine-doctor-calls-for-global-pause-of-messenger-rna-covid-19-vaccines_4754871.html

https://stopworldcontrol.com/fuellmich-update/?inf_contact_key=6dec03f70396f9ecf741b7b84df1369809c74070ac2bf3cfa7869e3cfd4ff832&fbclid=IwAR2_TOCi6CB_7DiJxSu7puCQY6XeqC9DkkUPQkj5SgkUMzOate_Zliea9g

<https://www.oraclefilms.com/safeandeffective>

<https://stopworldcontrol.com/downloads/GrandJurySummary1.pdf>

<https://stopworldcontrol.com/posts-1/>

https://childrenshealthdefense.org/defender/bill-gates-wealth-influence-covid-pandemic-cola/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=f0f46a34-59de-47b7-a8a7-63f46b911219

<https://childrenshealthdefense.eu/eu-issues/robert-f-kennedy-jr-in-milan-italy-on-nov-13-press-conference-rally/>

https://childrenshealthdefense.org/defender/anthony-fauci-net-worth-soar-pandemic/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=f6894249-8edf-4147-b6f3-ebc101da0ac3

https://childrenshealthdefense.org/defender/noah-foley-wrongful-death-lawsuit-gardasil-vaccine/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=f6894249-8edf-4147-b6f3-ebc101da0ac3

<https://expose-news.com/2022/10/04/gov-forced-investigate-newborn-deaths-after-covid-vaccination/>

<https://expose-news.com/2022/10/03/pfizers-vaccine-causes-astonishing-drop-in-male-fertility/>

https://www.voiceforscienceandsolidarity.org/videos-and-interviews/it-is-5-past-12?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://expose-news.com/2022/10/09/gov-confirms-covid-vaccination-increases-risk-death/>

<https://expose-news.com/2022/10/09/vaccinated-kids-45x-more-likely-die-unvaccinated-kids/>

<https://rairfoundation.com/doctor-reveals-people-who-receive-covid-vaccines-are-4x-more-likely-to-get-covid-95-of-people-in-icu-are-fully-vaccinated-interview/>

<https://rumble.com/v1mszqu-are-the-kids-ok.html>